

Fellaskóli: Smíðastofurnar opnaðar í gær

■ Deilunni um smíðakennslustofurnar í Fellaskóla er lokið. Stofurnar voru opnaðar aftur í gærmorgun eftir rúmlega mánaðar lokun.

Fulltrúar menntamálaráðu-

neytis, félagsmálaráðuneytis og Vinnueftirlits ríkisins héldu með sér fund á fimmtudag, þar sem fram kom, að menntamálaráðuneytið væri að líta á kröfur Vinnueftirlitsins. Þá kom yfirlýsing frá skólástjóra Fellaskóla um, að ekki verði unnið með lífrænum leysiefnum og opnum eldi í stofunum. Var þá tekin ákvörðun um að opna þær aftur.

Eins og fram kom í NT á miðvikudag, skrifaði menntamálaráðherra bréf til félagsmálaráðherra, þar sem spurt var hvers vegna Vinnueftirlitið hefði lokað stofunum. Félagsmálaráðuneytið skrifaði svo Vinnueftirlitinu og bað um greinargerð í máli þessu. Munu bréfaskrifitir þessar hafa losað um hnúttinn, sem málið var komið í.

Eyjólfur Sæmundsson forstjóri Vinnueftirlitsins sagði í samtali við NT í gær, að menntamálaráðuneytið hefði ekki sett nein tímamörk um framlagningu áætlunar um endurbætur á húsnæðinu til samræmis við kröfur Vinnueftirlitsins. Hann sagði einnig, að ef Vinnueftirlitið hefði vitað í upphafi, að málið yrði skoðað, hefði aldrei verið gripið til lokunar kennslustofanna.

Tívolí á Skaganum

Frá S.L.P. fréttaritara NT á Akranesi

■ Skátar á Akranesi halda tívolískemmtun í Íþróttahúsi bæjarins sunnudaginn 17. mars frá kl. 12-17. Alls verða 40 leiktæki á staðnum, lukkuhjóli, skotbakkar, þrautir og keppnir. Þá má nefna tveggja metra háan giraffa, örkina hans Nóa, gosaparís og stóra teygjubyssu, slökkt verður í síðustu sigarettunni og allsstaðar verða góð verðlaun í boði.

Á annað hundrad starfsmenn, þrúóbúinir, munu sjá um að skemmtunin fari vel fram.

Eftir tívolíið verður bingó þar sem hægt verður að vinna utanlandsferðir, tölvur og vörúttektir.



■ Kammersveitin á æfingu í fyrradag.

NT-mynd: Sverrir

Kammermúsíklúbburinn: Tónleikar í Bústaðakirkju

■ Þriðju tónleikar Kammermúsíklúbbsins á starfsárinu verða í Bústaðakirkju á morgun kl. 20.30. Strengjakvartett skipaður Guðnýju Guðmundsdóttur og Szymon Kuran fiðluleikurum, Robert Gibbons lágfiðluleikara og Carmel Russill sellóleikara leikur ásamt Einari

Jóhannessyni klarinettuleikara. Á efnisskránni verður Strengjakvartett í C-dúr K-465 eftir Mozart, Strengjakvartett nr. 7 í Fis moll eftir Shostakovich og kvintett fyrir klarinettu 2 fiðlur, lágfiðlu og selló í h-moll op. 115 eftir Johannes Brahms.

Á næstu tónleikum Kammermúsíklúbbsins gistir klúbbinn Sinnhofer kvartettinn frá München. Kvartettinn heldur tvö tónleika og hinir fyrri verða helgaðir Kunst der Fuge eftir Bach í tilefni 300 ára afmælis tónskáldsins. Það verk hefur aldrei áður verið flutt hér á landi.

Þingsályktunartillaga frá BJ:

Vilja frumvarp um þróunarstofur landshlutanna

■ Þingmenn Bandalags jafnaðarmanna hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar þar sem Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um þróunarstofur landshlutanna.

Tillaga þessi var lögð fyrir síðasta þing en kom þá ekki til afgreiðslu. Hún er hluti af stefnumörkun Bandalags jafnaðarmanna á sviði byggðastefnu og valddreifingar. Er markmið tillagna sem settar eru fram að staðfesta frumkvæði heimamanna við gerð byggðaaætla- ana, umsjá þeirra með framkvæmd áætlana og ábyrgð þeirra á vörslu og veitingu fjármuna sem varið er til byggðastefnu úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Segir ennfremur í greinargerð að á þennan hátt megi komast út úr þeim víthring miðsóknar og miðstýringar sem einkennir hefur framkvæmd byggðastefnu og reyndar flestóll samskipti stjórnvalda í Reykjavík og heimamanna út um landið.

Framsóknarmenn skoða hug sinn: Funda um samstarfið við Sjálfstæðisflokk

■ Samstarfið við Sjálfstæðisflokkinn og staða Framsóknarflokksins verður umræðuefnið á fundi Framsóknarfélags Reykjavíkur á Hótel Hofi kl. 3 á sunnudag.

Frummælendur verða Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra og Haraldur Ólafsson alþingismaður. Fundarstjóri verður Valdimar K. Jónsson prófessor.



Afmælissýning Textílfélagsins

■ Textílfélagið opnar samsýningu á Kjarvalsstöðum 16. mars nk. í tilefni 10 ára afmælis félagsins. Þetta er þriðja sýning félagsins og sú stærsta hingað til en auk þess hefur félagið unnið með samnorræna Textíltríenalanum sem stendur að samsýningum víða um Norðurlöndin.

Í Textílfélaginu starfa nú 40 félagar í ýmsum greinum textíllistarinnar s.s.vefnaði, taupryki, fatahönnun, mynsturhönnun, þrjóni, bótasami og textílskúlpúr.

Á meðan á sýningu stendur munu tveir félagar halda fyrirlestra í tengslum við sýninguna. Sigríður Halldórsdóttir talar um Kljasteinavefstaðinn, sunnudaginn 31. mars og Hulda Jósefsdóttir segir frá norrænni þrjónahefð, miðvikudaginn 3. apríl. Þá verður á sýningunni sýnt myndband af verkum félagsmanna. Sýningunni lýkur áttunda apríl.

BINGÓ
í Glæsibæ

Í dag kl. 13.30

Hæsti vinningur 35.000.-

Vinningar að heildarverðmæti yfir kr. 100.000.-

Stjórnin